

**Nr. 21-030 S 020 Helga María RE 1****Skipverji slasast á hendi**

Skipaskr.nr. 1868  
IMO: 8709793  
Smíðaður: Noregi 1988, stál  
Útgerð: HB Grandi hf  
Stærð: 883 brl. 1470 bt.  
Mesta lengd: 56,86 m Skráð lengd: 54,4 m  
Breidd: 12,6 m Dýpt: 7,7 m  
Vél: Wärtsilä 2200 kW, 1988  
Fjöldi skipverja: 15



Helga María©Eiríkur Jónsson

**Gögn:**

Gögn RNSA.

Málið afgreitt á fundi 13. desember 2021 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasynti, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni.

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

**Atvikalýsing:**

Þann 6. mars 2021 var Helga María RE 1 á togveiðum á Vesturmiðum. Veður: SV 5 m/s.

Skipverjar voru að hífa inn þegar flotkúla á honum húkkaðist í öryggisband sem strengt var yfir rennuna. Öryggisbandið slitnaði og slóst í úlnið hægri handar eins skipverjans en við höggið dofnaði hendin upp.

**Við rannsókn kom fram:**

- að skipverjinn stóð fyrir utan rennuna stjórnborðsmegin;
- að venjan var að taka öryggisbandið frá þegar mikill afli var í pokanum sem reyndist ekki vera í þessu tilfalli;
- að skipverjinn var tilfinningarlaus í hendinni í nokkrar vikur.

**Nefndarálit:**

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.